



# KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK



## Skýrsla um sjálfsmat skólaárið 2020 - 2021

Október 2021

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
	Matsteymi skólans .....	4
1.1	Matsáætlun skólaársins 2020 – 2021 .....	4
1.2	Tölulegar upplýsingar (nemendur) .....	4
	Innritun nýnema (1. bekkur) haustið 2020 .....	4
	Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum.....	5
	Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni .....	5
	Meðalaldur nemenda (ár) .....	5
	Fjöldi brautskráðra stúdenta í desember 2020 og maí 2021 eftir námsbraut og alls .....	5
	Útskriftarhlutfall .....	5
	Viðveruskráning nemenda skólaárið 2020-2021 .....	6
1.3	Tölulegar upplýsingar (starfsfólk) .....	6
2.	Niðurstöður .....	6
2.1	Kennslu- og áfangamat .....	6
	Niðurstöður: .....	7
2.2.	Nemendakönnun.....	9
	Niðurstöður .....	10
2.2	Foreldra- og nýnemakönnun.....	14
	Niðurstöður .....	14
2.3	Rannsóknir og greining: Lýðheilsa framhaldsskólanema .....	16
	Niðurstöður .....	16
2.4.	Starfsmannakönnun .....	23
	Niðurstöður .....	24
3	Greining á niðurstöðum .....	28
3.1	Styrkleikar.....	28
3.2	Tækifæri til umbóta .....	28
4	Markmið og úrbætur .....	28
4.1	Eldri markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2020-2021 .....	28
4.2.	Markmið og úrbætur sem stefnt skal að á skólaárinu 2021–2022 .....	30

# 1. Inngangur

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli og býður upp á hefðbundið bóknám til stúdentsprófs (200 einingar) á þremur námsbrautum; félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og hugvísindabraut. Námið er staðnám og námstími er sveigjanlegur 3 - 4 ár en stefna skólans er að sem flestir ljúki stúdentsprófi á þremur árum.

Skólaárið 2020 - 2021 verður flestum minnisstætt vegna áhrifa Covid-19 á skólastarfið. Sumarið 2020 ríkti bjartsýni um að framundan væru veirufríir tímar en í lok sumars var ljóst að setja þurfti hertar samkomutakmarkanir sem höfðu áhrif á skólastarfið. Skólastarfið á haustönn var skipulagt í samræmi við gildandi samkomutakmarkanir þar sem bekkir voru til skiptist í stað- eða fjarnámi. Settar voru umgengnisreglur varðandi sóttvarnarhólf, sóttthreinsun, fjarlægðartakmörk og grímunotkun. Hver bekkur fékk nýja stundatöflu í hverri viku með upplýsingum um stað- og/eða fjarnámstíma. Fyrstu vikuna í október var öllum framhaldsskólum lokað og fluttist þá kennslan alfarið yfir á netið sem hélst út önnina.

Í skólanum var lögð áhersla á að nota kennslukerfið í Innu og aðlaga nám og námsmat að breyttum kennsluháttum. Annars konar áhrif COVID-19 voru einnig veruleg. Félagslíf nemenda var lítið sem ekkert innan skólans. Á vorönn var lögð áhersla á staðnám og eins hefðbundið skólastarf og hægt var, en hefðbundið skólastarf á þessum tíma þýddi meter á milli kennsluborða í kennslustofum, sóttthreinsun allra snertiflata á milli nemendahópa og skilyrðislausu grímuskyldu. Pestin hafði einnig þau áhrif að breyta þurfti skipulagi á opnu húsi fyrir 10. bekkina. Í stað þess að opna skólann fyrir 10. bekkina og forráðamenn þeirra var nemendum í 10. bekk boðið að skrá sig í heimsókn á ákveðnum dögum án forráðamanna.

Skólastarfið árið 2020 einkenndist af fjölbreyttum áskorunum þar sem reyndi á ólíka hæfni, þekkingu og leikni. COVID-19 setti svo sannarlega strik í reikninginn og var skólahald með óhefðbundnu sniði stærstan hluta ársins. Kennarar og annað starfsfólk skólans á hrós skilið fyrir hvernig það tókst á við erfiðar og krefjandi aðstæður sem eiga sér engin fordæmi. Kennarar sýndu ótrúlega vinnusemi og hugmyndaauðgi í því að útfæra kennsluna á framandi vettvangi þar sem miklum tíma var varið á bak við tölvuskjáinn. Nemendur stóðu sig líka ótrúlega vel á erfiðum tímum og var brotthvarf og námsárangur sambærilegur fyrri árum.

Samkvæmt gildandi lögum um framhaldsskóla ber að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Ennfremur ber framhaldsskólum að vinna að umbótum og auknum gæðum ásamt því að veita hlutaðeigendum upplýsingar um skólastarfið.

Árlega setur skólinn sér markmið og aðgerðaráætlun í samræmi við stefnu sína. Áætlunin byggir á [stefnu skólans til þriggja ára](#), [matsáætlun skólans](#), [umbótaáætlun vegna ytra mats](#) og [niðurstöðum úr sjálfsmati fyrra skólaárs](#).

## Matsteymi skólans

Skólaárið 2020-2021 var Björk Þorgeirsdóttir námstjóri verkefnisstjóri sjálfsmats. Matsteymi um sjálfsmat skólans stýrir starfinu en það skipa verkefnisstjóri, stjórnendur og fulltrúar starfsmanna. Verkefnisstjóri stýrir fundum teymisins, ritar fundargerðir og árlega skýrslu um sjálfsmatið. Á þessu skólaári sátu eftirfarandi í sjálfsmatshópi skólans: Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari, Oddný Hafberg, aðstoðarskólameistari, Björk Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri, Guðný Rún Sigurðardóttir fjármála- og skrifstofustjóri, Lilja Ósk Úlfarsdóttir sálfræðikennari og Jóhanna Björk Guðjónsdóttir frönskukennari sem fulltrúar kennara.

Sjálfsmatsskýrslan sem hér birtist gerir grein fyrir niðurstöðum úttekta og athugana sem gerðar hafa verið í Kvennaskólanum skólaárið 2020 - 2021. Vegna breytinga á öllu starfi skólans á liðnu skólaári (Covid-19) náðist ekki að ljúka öllum matspáttum samkvæmt áætlun og þurfti því að uppfæra og breyta matsáætlun ársins, sjá í næsta kafla.

### 1.1 Matsáætlun skólaársins 2020 – 2021

Haustönn 2020	Vorönn 2021
<p><b>Foreldrakönnun um móttöku nýnema, samskipti við skólann og líðan barna þeirra í skólanum</b> Samanburður á milli ára.</p> <p><b>Kennslu- og áfangamat endurskoðað.</b></p> <p><b>Viðhorfskönnun (allir nemendur)</b> Álag í námi, skipulag kennslunnar (stað- og fjarnám), aðgengi að starfsfólki, upplýsingagjöf, líðan, samsömun og félagsleg tengsl.</p> <p><b>Lýðheilsa framhaldsskólanema</b> Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2020 (október). Rannsóknir og greining vann.</p> <p><b>Breytingar á haustönn 2020:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>– Stefnt var að því að ljúka endurskoðun á kennslu- og áfangamati á vorönn 2020 og leggja fyrir nýtt áfangamat á haustönn 2020. Ekki náðist að ljúka endurskoðun og kynna nýtt áfanga- og kennslumat á kennarafundi fyrr en í byrjun vorannar 2021.</li></ul>	<p><b>Kennslu- og áfangamat (nýtt)</b> Erlend tungumál, stærðfræði og nýir kennarar. Stjórnendamat og starfsmannasamtöl í kjölfarið.</p> <p><b>Kennarar sem fara í kennslumat geta skilað inn umsögnum um sína hópa/bekki</b> Opið samhliða kennslu- og áfangamati.</p> <p><b>Starfsmannakönnun</b> Hönnuð sérstaklega fyrir skólann. Spurt um skólann sem vinnustað, líðan, stjórnun o.fl.</p> <p><b>Breytingar á vorönn 2021:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>– Könnun meðal nemenda á 2. og 3. ári. Áhersla á námsframboð og þjónustu. Ekki gert því á haustönn var lögð könnun fyrir alla nemendur skólans.</li><li>– Stofnun ársins 2021. Tilkynt að fyrirlögn yrði frestað til haustannar 2021.</li><li>– Könnun fyrir útskrifaða nemendur (útskrifaðir voríð 2017) - vegna aðstæðna þá var ákveðið að fresta þessari könnun til vorannar 2022 .</li></ul>

### 1.2 Tölulegar upplýsingar (nemendur)

Innritun nýnema (1. bekkur) haustið 2020

	Karlar	Konur	Kynsegin	Samtals
Haust 2020	60	162	0	222

### Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum

Námsbraut	Haust 2020				Vor 2021			
	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur
Félagsvísindabraut	96	73	71	5	93	74	68	1
Hugvísindabraut <sup>1</sup>	0	22	15	0	0	21	15	0
Náttúruvísindabraut	126	118	120	6	124	117	118	2

### Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni

Námsbraut	Haust 2020			Vor 2021		
	Karl	Kona	Kynsegin	Karl	Kona	Kynsegin
Félagsvísindabraut	47	198	0	46	190	0
Hugvísindabraut	7	30	0	7	29	0
Náttúruvísindabraut	128	242	0	124	237	0

### Meðalaldur nemenda (ár)

Námsbraut	Haust 2020	Vor 2021
Félagsvísindabraut	16,5	16,9
Hugvísindabraut	16,9	17,5
Náttúruvísindabraut	16,7	17

### Fjöldi brautskráðra stúdenta í desember 2020 og maí 2021 eftir námsbraut og alls

Námsbraut	Haust 2020	Vor 2021
Félagsvísindabraut	4	66
Hugvísindabraut <sup>2</sup>	0	14
Náttúruvísindabraut	5	108
<b>Alls</b>	<b>9</b>	<b>188</b>

### Útskriftarhlutfall

Heildarfjöldi nemenda á haustönn 2020 var 653 og á vorönn 2021 633. Skólinn leggur áherslu á að sem flestir nemendur sem innritast í skólann nái að brautskrást frá skólanum á þremur árum. Alltaf er þó gert ráð fyrir að hluti nemenda þurfi eða velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka stúdentsprófi.

- Í þriðja bekk vorið 2021 voru 197 nemendur, brautskráðir vorið 2021 voru 188 (95,4%).
- Meðalaldur útskrifaðra vorönn 2021 var 18,4 ár.
- Haustið 2018 innrituðust 218 nemendur í 1. bekk og af þeim útskrifuðust 171 vorið 2021, 6 stefna að útskrift í desember og 6 vorið 2022. Útskriftarhlutfall innritunarhóps frá 2018 stefnir því í að verða 84%.

<sup>1</sup> Ekki bekkur á hugvísindabraut á 1. ári.

## Viðveruskráning nemenda skólaárið 2020-2021 (sem hlutfall af heildartímafjölda)

	<b>Haut 2020</b>	<b>Vorönn 2021</b>
<i>Mæting</i>	94%	92%
<i>Veikindi</i>	1,4%	3,8%
<i>Of seint</i>	0,3%	0,8%
<i>Leyfi</i>	0,6%	1,2%
<i>Óútskýrð fjarvera</i>	4,4%	7,2%

Í skólanum er lögð áhersla á að skrá mætingu í allar kennslustundir, hvort sem kennslustundin er í fjar- eða staðkennslu. Mæting í skólann er almennt góð en á vorönn voru fleiri nemendur fjarverandi í kennslustundum en við erum von að sjá, líklegasta skýringin er að nemendur voru til skiptis í fjar- eða staðkennslutímum.

Í janúar 2021 var ákveðið að virkja að nýju skólasóknarreglur skólans (sjá hér: <https://www.kvenno.is/is/skolinn/skolinn/skolareglur-1/reglur-um-skolasokn>) og þar með gátu nemendur fengið eina einingu fyrir 96-100% raunskólasókn. Á vorönn 2021 fengu 287 nemendur einingu fyrir skólasókn eða 45,3% nemenda.

Auk þess að fylgjast vel með mætingu nemenda á önninni þá héldum við áfram með skráningarform þar sem kennarar gátu skráð inn upplýsingar um nemendur sem þeir höfðu áhyggjur af náms- og/eða félagslega. Náms- og starfsráðgjafar auk námstjóra fóru reglulega yfir skráningarnar og fylgdu þeim eftir.

### 1.3 Tölulegar upplýsingar (starfsfólk)

Starfsfólk skólaárið 2020 – 2021. Fjöldi starfsmanna og stöðugilda 1. október 2020 og 1. mars 2021.

Skipurit skólans má sjá [hér](#).

	<b>Haut 2020</b>		<b>Vor 2021</b>	
	<b>Fjöldi</b>	<b>Stöðugildi</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Stöðugildi</b>
<i>Kennarar</i>	54	44,19	50	44,95
<i>Þjónustusvið</i>	11	10,2	10	9,3
<i>Nemendabjónusta</i>	3	1,7	3	1,7
<i>Veikindaleyfi</i>	4	3,51	2	1,97
<i>Leyfi</i>	3	2,5	6	3,83

## 2. Niðurstöður

### 2.1 Kennslu- og áfangamat

Á hverri önn er miðað við að 1/3 kennslugreina fari í kennslumat/áfangamat og hver kennari fari ekki sjaldnar í kennslumat og starfsmannasamtal en á tveggja ára fresti. Kennslu- og áfangamatið fer fram í Innu og er tilgangurinn að kennarar og stjórnendur fái vísbendingar um hvernig til hafi tekist í einstökum áföngum og/eða námsgreinum. Kennarar sjá niðurstöður



sínar úr matinu í Innu og eru þær ræddar og rýndar í starfsmannasamtölum við skólameistara, aðstoðarskólameistara eða námstjóra.

Eitt af markmiðum skólans var að endurskoða kennslu- og áfangamat í samvinnu við kennara með það fyrir augum að auka svarhlutfall nemenda í áfangamati, spyrja um vinnuanda í kennslustundum og agastjórnun. Matshópurinn lauk endurskoðun á kennslu- og áfangamati skólans, stytta könnunina og bætti við spurningu um vinnuanda í kennslustundum. Þessi vinna fór fram á vor- og haustönn 2020. Í mars 2021 var nýtt kennslu- og áfangamat í erlendum tungumálum, stærðfræði og hjá nýjum kennurum. Svarhlutfallið var mjög gott eða 85,2% en til samanburðar þá var svarhlutfall í síðasta kennslu- og áfangamati 67,6% (haustönn 2019).

## Niðurstöður:


<p>Fjölbreyttar kennsluáðferðir eru notaðar í þessum áfanga</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Mjög sammála 21% (368/1734)</li> <li>2. Frekar sammála 41% (712/1734)</li> <li>3. Frekar ósammála 25% (425/1734)</li> <li>4. Mjög ósammála 8% (139/1734)</li> <li>5. Veit ekki/á ekki við 5% (90/1734)</li> </ol>	<p>Tölulegar upplýsingar</p> <p>Fj. svára: 1734 af 1739</p> <p>Svarhlutfall: 100%</p>	
<p>Mér finnst námsgögn áfangans góð</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Mjög sammála 22% (389/1734)</li> <li>2. Frekar sammála 50% (871/1734)</li> <li>3. Frekar ósammála 17% (297/1734)</li> <li>4. Mjög ósammála 5% (91/1734)</li> <li>5. Veit ekki/á ekki við 5% (86/1734)</li> </ol>	<p>Tölulegar upplýsingar</p> <p>Fj. svára: 1734 af 1739</p> <p>Svarhlutfall: 100%</p>	
<p>Kennarinn setur reglulega tilkynningar, kennslufni og leiðbeiningar inná Innu</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Mjög sammála 44% (757/1733)</li> <li>2. Frekar sammála 38% (654/1733)</li> <li>3. Frekar ósammála 11% (186/1733)</li> <li>4. Mjög ósammála 5% (81/1733)</li> <li>5. Veit ekki/á ekki við 3% (55/1733)</li> </ol>	<p>Tölulegar upplýsingar</p> <p>Fj. svára: 1733 af 1739</p> <p>Svarhlutfall: 100%</p>	
<p>Ég nýti upplýsingar frá kennara til að vinna eftir (námsáætlun, ítarefni og fyrirmæli með verkefnum og prófspurningum)</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Mjög sammála 38% (654/1730)</li> <li>2. Frekar sammála 47% (810/1730)</li> <li>3. Frekar ósammála 10% (165/1730)</li> <li>4. Mjög ósammála 2% (36/1730)</li> <li>5. Veit ekki/á ekki við 4% (65/1730)</li> </ol>	<p>Tölulegar upplýsingar</p> <p>Fj. svára: 1730 af 1739</p> <p>Svarhlutfall: 99%</p>	

Kennarinn er jákvæður í garð nemenda og nær að vekja áhuga minn á námsefninu

1. Mjög sammála 38% (659/1732)
2. Frekar sammála 38% (657/1732)
3. Frekar ósammála 14% (238/1732)
4. Mjög ósammála 5% (94/1732)
5. Veit ekki/á ekki við 5% (84/1732)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 1732 af  
Svarhlutfall: 100%




Kennarinn sýnir áhuga á að nemendur taki framförum (bæti árangur sinn)

1. Mjög sammála 41% (708/1731)
2. Frekar sammála 39% (683/1731)
3. Frekar ósammála 9% (159/1731)
4. Mjög ósammála 2% (33/1731)
5. Veit ekki/á ekki við 9% (148/1731)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 1731 af  
Svarhlutfall: 100%




Ég get leitað til kennarans ef ég þarf aðstoð við námið

1. Mjög sammála 44% (758/1732)
2. Frekar sammála 38% (651/1732)
3. Frekar ósammála 8% (147/1732)
4. Mjög ósammála 4% (62/1732)
5. Veit ekki/á ekki við 7% (114/1732)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 1732 af  
Svarhlutfall: 100%




Kennarinn skilar úrlausnum (prófum, verkefnum) með leiðbeinandi og uppbyggilegum athugasemdum

1. Mjög sammála 34% (588/1727)
2. Frekar sammála 38% (650/1727)
3. Frekar ósammála 14% (244/1727)
4. Mjög ósammála 5% (79/1727)
5. Veit ekki/á ekki við 10% (166/1727)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 1727 af  
Svarhlutfall: 99%




Almennt er góður vinnufriður í kennslustundum í þessum áfanga

1. Mjög sammála 28% (486/1726)
2. Frekar sammála 47% (811/1726)
3. Frekar ósammála 12% (205/1726)
4. Mjög ósammála 3% (49/1726)
5. Veit ekki/á ekki við 10% (175/1726)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 1726 af  
Svarhlutfall: 99%




Mér finnst fyrirkomulag námsmats í áfanganum sanngjart

1. Mjög sammála 31% (544/1731)
2. Frekar sammála 50% (859/1731)
3. Frekar ósammála 12% (200/1731)
4. Mjög ósammála 3% (54/1731)
5. Veit ekki/á ekki við 4% (74/1731)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 1731 af  
Svarhlutfall: 100%




Vinnuálag í áfanganum miðað við einingafjölda er:

1. Allt of lítið 1% (13/1729)
2. Of lítið 1% (24/1729)
3. Hæfilegt 81% (1392/1729)
4. Of mikið 14% (247/1729)
5. Allt of mikið 3% (53/1729)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 1729 af  
Svarhlutfall: 99%



Til viðbótar gafst nemendum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í tveimur opnum spurningum:

- „Hvað finnst þér sérstaklega gott við þennan áfanga?“
- „Hvað finnst þér að mætti betur fara í þessum áfanga?“

Svör nemenda við opnum spurningum voru send kennurum viðkomandi áfanga um leið og aðrar niðurstöður.



Helstu niðurstöður eru þær að meirihluti nemenda telur vinnuálag hæfilegt á miðað við einingafjölda, eru ánægðir með námsgögn og viðbótarnámsefni frá kennurum og finnst fyrirkomulag námsmats í áfanganum sanngjarnt. Nemendur segjast nota upplýsingar frá kennurum sínum til að vinna eftir og rúmlega 60% nemenda er sammála því að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar. Meirihluti nemenda telur kennarana sína jákvæða og hvetjandi í garð nemenda og telja sig geta leitað til kennara ef þeir þurfa aðstoð við námið.

Samhliða kennslu-/áfangamati sem lagt er fyrir nemendur í Innu fá kennarar tækifæri til að tjá sig um sína hópa. Þannig geta kennarar svarað því hvort það væri eitthvað sem þeir teldu mikilvægt að kæmi fram varðandi kennslu í ákveðnum bekk og/eða áfanga. Þannig söfnum við upplýsingum um þætti sem geta haft áhrif á kennslumatið s.s. þegar verið er að taka inn nýtt námsefni og/eða breyta námsmati og hvenær dags kennslustundirnar voru, uppá fjarkennslu og skipulag staðnáms þegar við gátum ekki haft alla í skólanum á sama tíma. Þessar upplýsingar eru skoðaðar samhliða kennslumati og eru þar með hluti af starfsmannasamtali við stjórnendur. Alls bárust níu svör þar sem kennarar bentu á eftirfarandi þætti:

- *Kennslustundirnar í áfanganum annað hvort í fyrsta eða síðasta tíma dagsins*
- *Kennslustundirnar í áfanganum liggja að hádegi sem hentaði mjög illa þegar nemendur voru hálfan dag í skólanum (staðnám/fjarnám)*
- *Erfitt að tengjast nemendum vegna grímuskyldu og fjarlægðartakmarkana.*
- *Þegar 100% staðnám hófst á skólaárinu þá kom í ljós að nemendur að nemendur höfðu unnið mun minna í fjarnáminu en gert var ráð fyrir*


Eftir að kennslu- og áfangamat hefur farið fram, boða stjórnendur viðkomandi kennara í viðtal en lögð er áhersla á að starfsmannasamtalið fari fram á sömu önn og áfangamatið. Stuðst er við ákveðið form sem báðir aðilar hafa til hliðsjónar þegar viðtalið er tekið og eiga þeir kost á að skrifa athugasemdir við hvern þátt viðtalsins. Skólameistari, aðstoðarskólameistari og námstjóri annast viðtölin. Markmiðið er að hver starfsmaður skólans fari í starfsmannasamtal á tveggja ára fresti hið minnsta. Stjórnandi er viðstaddur eina kennslustund og fylgist þar með kennsluháttum, samskiptum kennara og nemenda, samskiptum nemenda innbyrðis, þátttöku nemenda, agastjórnun, skipulagi o.s.frv. Þessar heimsóknir eru undirbúningur stjórnanda fyrir starfsmannasamtal við kennarann sem byggir þá bæði á mati nemenda og stjórnenda.

## 2.2. Nemendakönnun


Hluti af matsáætlun skólans var að leggja fyrir alla nemendur viðhorfskönnun. Áhersla var á að spyrja nemendur um líðan í skólanum og vinnuanda í kennslustundum. Vegna breytinga á starfi skólans á skólaárinu var ákveðið að breyta áherslum í könnuninni. Spurt var um gengi og upplifun nemenda í fjarnáminu, upplýsingagjöf frá skólanum og félagsleg tengsl.

Könnunin var lögð fyrir alla nemendur skólans í gegnum Innu og var opin 7.-11. október 2020. Svarhlutfallið var 88%.


## Niðurstöður




Meirihluta nemenda fannst álagið í fjarnáminu mikið (87%). Til samanburðar þá voru nemendur spurðir um álag í fjarnáminu á vorönn 2020 og þá fannst 57% nemenda álagið of mikið eða allt of mikið.




Til samanburðar þá töldu 63% nemenda skipulag kennslunnar í fjarnáminu gott eða mjög gott þegar könnun var lögð fyrir nemendur í samkomubanninu á vorönn 2020.





Til samanburðar þá töldu 36% nemenda fjarnám henta sér vel (vorönn 2020).




45% nemenda sögðust vera duglegir að leita til kennara ef þeir þyrftu aðstoð við námið. Til samanburðar þá voru 55% nemenda sammála þessari fullyrðingu á vorönn 2020.






Í kennslu- og áfangamati er spurning sem tekur á þessu og þegar skoðaðar eru niðurstöður frá síðustu könnunum þá telja 72 - 81% nemenda vinnuálag í áföngum hæfilegt. Hér kemur skýrt fram að nemendur upplifa muna meira álag í fjarnámi en staðnámi. 41% segja álagið mikið í staðnámi, 87% segja álagið í fjarnáminu mikið. Þessi niðurstaða endurspeglar vel upplifun nemenda af skólaárinu.




Meirihluti nemenda taldi upplýsingagjöf og aðgengi að kennurum og öðru starfsfólki skólans gott.





Á þessu skrytna ári í skólanum höfðum við eins og aðrir áhyggjur af félagslega þættinum. Félagslífið lá að mestu niðri og þegar skólinn var opinn (staðnám) komu sóttvarnareglur í veg fyrir félagsleg tengsl á skólatíma. Það kom okkur ánægjulega á óvart að meirihluti nemenda taldi samskipti við bekkjarfélaga ganga vel (66%), nemendur upplifðu sig líka sem hluta af tilteknum hópi (69%) og 15% nemenda sögðust oft upplifa einmanaleika á meðan 21% sögðust aldrei upplifa einmanaleika.



Á hverju ári svara nýnemar og forráðamenn þeirra könnun um móttöku nýnema, upplýsingagjöf og upplifun þeirra af skólanum. Á haustönn 2020 sögðust 90% nýnema þau vera ánægð með skólann sinn en í nýnemakönnun haustið 2019 sögðust 93% nýnema vera ánægðir með skólann sinn.

## 2.2 Foreldra- og nýnemakönnun

Eitt af markmiðum skólans er að taka vel á móti nýnemum. Síðustu ár þá hafa nýnemar og forráðamenn svarað könnunum þar sem m.a. er spurt um móttöku nýnema, kynningu á skólanum og hvort þeir væru ánægðir með að hafa valið Kvennaskólann. Á skólaárinu var ekki hægt að bjóða uppá nýnemaferðir né sérstaka móttöku fyrir nýnema og/eða forráðamenn þeirra.

Í apríl voru forráðamönnum nýnema send könnun í tölvupósti þar sem spurt var um upplýsingastreymi til forráðamanna, námskerfið í Innu og ánægju með skólann.

Könnunin send í tölvupósti til forráðamanna nýnema 29. apríl 2021.

Alls 209 virk netföng. 172 svöruðu könnuninni og er því svarhlutfallið 82,3%.

### Niðurstöður

#### 1. "Upplýsingastreymi frá skólanum er gott"

[More Details](#)

Mjög sammála	92
Frekar sammála	62
Hvorki né	11
Frekar ósammála	6
Mjög ósammála	0



#### 2. Notar þú Innu til að fylgjast með mætingu barnsins þíns?

[More Details](#)

Oft	43
Stundum	47
Sjaldan	42
Aldrei	36
Ég hef ekki aðgang að Innu	4





3. Notar þú Innu til að fylgjast með námsárangri barnsins þíns (t.d. einkunnum og/eða verkefnaskilum)?

[More Details](#)

● Oft	48
● Stundum	68
● Sjaldan	31
● Aldrei	25



4. Hvernig fannst þér skólinn taka á móti nýnemanum þínum?

[More Details](#)


● Mjög vel	94
● Vel	60
● Hvorki né	16
● Illa	2
● Mjög illa	0



5. Hversu vel eða illa finnst þér starfsfólk skólans hafa leyst úr erindi eða erindum þínum?

[More Details](#)

● Mjög vel	72
● Vel	50
● Hvorki né	18
● Illa	0
● Mjög illa	0
● Ég hef ekki þurft að leita til sk...	30



6. Taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: "Þegar á heildina er litið er barnið mitt ánægt í skólanum"

[More Details](#)

● Mjög sammála	107
● Frekar sammála	57
● Hvorki né	7
● Frekar ósammála	1
● Mjög ósammála	0



Til viðbótar gafst foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í tveimur opnum spurningum.

- *Er eitthvað sem þér finnst við gera vel varðandi upplýsingastreymi og/eða móttöku nýnema?*
- *Er eitthvað sem þér finnst við þurfa að gera betur varðandi upplýsingastreymi og/eða móttöku nýnema?*

Svör við þeim voru tekin saman og rædd við viðeigandi aðila í skólanum. Hér bárust m.a. ábendingar varðandi stundaskrá og skipulag fjar- og staðkennslu, skráningu einkunna fyrir verkefni og/eða próf í Innu og skýrara yfirlit yfir skólaárið á heimasíðu skólans. Einnig kom fram krafa um betra yfirlit yfir hefðir og venjur í félagslífi skólans. Á skólaárinu var sett upp síða með svörum við algengum spurningum nýnema og forráðamanna, sjá hér: <https://www.kvenno.is/is/foreldrar/innritun/kynning-a-skolanum/kynning-a-kvennaskolanum>. Einnig var útbúin heimasíða með „lifandi dagatali“ þar sem viðburðir skólaársins eru skráðir, sjá hér: <https://www.kvenno.is/is/moya/page/helstu-dagsetningar>

### 2.3 Rannsóknir og greining: Lýðheilsa framhaldsskólanema

Skólinn tók þátt í rannsókninni *Ungt fólk* sem *Rannsóknir og greining* lagði fyrir nemendur í framhaldsskólum á Íslandi í október 2020. Í könnuninni var spurt um vímuefnaneyslu, s.s. neyslu áfengis og annarra vímuefna, þ.á.m. notkun nikótínþúða og rafsígarettar, munn- og neftóbaks og lyfseðilsskyldra lyfja án lyfseðils. Einnig er fjallað um viðhorf til náms og kennslu, heilsu og líðan.


Niðurstöðurnar voru sendar til forvarnarfulltrúa skólans sem stýrir forvarnarteymi skólans. Sjá stefnu skólans í forvörnum: <https://www.kvenno.is/is/skolinn/stefnur-og-aaetlanir-1/stefnur/forvarnastefna>.

#### Niðurstöður

Hlutfall nemenda í Kvennaskólanum og á landinu í heild árin 2018 og 2020 sem eru mjög eða frekar sammála fullyrðingum um námið og skólann:

Fullyrðingar:	2018		2020	
	Skóli (%)	Heild (%)	Skóli (%)	Heild (%)
Mér finnst kennslan vera fjölbreytt	74	76	77	79
Mér finnst að gerðar séu miklar kröfur til mín í náminu	91	84	95	94
Mér finnst auðvelt að fá ráðgjöf frá kennurum	83	78	82	76
Ég hefði viljað taka einhvern eða fleiri framhaldsskólaáfanga á meðan ég var í grunnskóla	64	61	58	61
Ég hef greiðan aðgang að námsráðgjöf í skólanum	94	91	95	90
Ég hef greiðan aðgang að hjúkrunarfræðingi í skólanum	30	47	46	52
Framhaldsnámið er auðveldara en ég átti von á	48	52	41	47


Hlutfall nemenda í Kvennaskólanum árin 2018 og 2020 sem segja að eftirfarandi staðhæfingar eigi oftast eða alltaf við um þau:



Hlutfall nemenda í Kvennaskólanum og á landinu í heild árið 2020 eftir fjölda klukkustunda sem þau sofa á hverri nóttu á virkum dögum:

	Strákar		Stelpur	
	Allir (%)	Kvennó (%)	Allir (%)	Kvennó (%)
Meira en 9	2,1	0,7	2,2	1
Um 9 klst	7,2	4,9	7,5	8,3
Um 8 klst	30,8	33,3	29,5	31,1
Um 7 klst	34,4	32,6	34,2	35
Um 6 klst	16,6	17,4	17,4	17,6
Minna en 6 klst	8,9	11,1	9,3	7

Hversu mikil áhrif hefur C-19 faraldurinn á streitu hjá þér í dag? Hlutfall nemenda í Kvennaskólanum og á landinu í heild árið 2020:




Hvaða áhrif hafði samkomubannið síðastliðið vor á eftirfarandi þætti í lífi þínu? Hlutfall nemenda í Kvennaskólanum og á landinu í heild árið 2020:

	Engar áhyggjur (%)		Örlitlar áhyggjur (%)		Talsverðar áhyggjur (%)		Miklar áhyggjur (%)	
	Heild	Skóli	Heild	Skóli	Heild	Skóli	Heild	Skóli
Líkamlegri heilsu þinni	36	35	40	39	17	19	7	7
Líkamlegri heilsu annarra aðila í kringum þig	17	15	32	30	30	31	21	24
Andlegri heilsu þinni	28	23	32	31	24	28	17	18
Andlegri heilsu annarra aðila í kringum þig	16	12	31	30	33	35	21	23


Hversu vel áttu eftirfarandi fullyrðingar við um þig á meðan á samkomubanninu stóð síðastliðið vor, miðað við áður en samkomubannið hófst? Hlutfall nemenda í Kvennaskólanum og á landinu í heild árið 2020:

	Mun meira en venjulega (%)		Aðeins meira en venjulega (%)		Engin breyting (%)		Aðeins minna en venjulega (%)		Mun minna en venjulega (%)	
	Heild	Skóli	Heild	Skóli	Heild	Skóli	Heild	Skóli	Heild	Skóli
Þú upplifðir einmanaleika	17	19	38	45	40	31	3	2	3	3
Þú upplifðir kvíða	17	19	33	38	42	36	5	6	4	3
Þú varðir tíma á netinu (online)	41	48	36	37	21	13	1	1	1	1
Þú áttir í samskiptum við vini og vinkonur á netinu	26	29	37	40	29	24	6	5	3	2
Þú upplifðir stuðning frá kennurum og skóla	5	5	23	30	56	49	12	14	4	2

Á síðustu önn var skólum lokað og kennsla breyttist vegna samkomubanns. Hversu margar kennslustundir sóttir þú vikulega í formi fjarkennslu á meðan samkomubannið stóð yfir? Hlutfall nemenda í Kvennaskólanum og á landinu í heild árið 2020:




Kennslufyrirkomulagið í skólanum hentaði mér vel. Hlutfall nemenda í Kvennaskólanum og á landinu í heild árið 2020:




Ég átti auðvelt með að læra á meðan kennslan var með breyttu sniði. Hlutfall nemenda í Kvennaskólanum og á landinu í heild árið 2020:







Kennslufyrirkomulagið hafði slæm áhrif á árangur minn á síðustu önn. Hlutfall nemenda í Kvennaskólanum og á landinu í heild árið 2020:




Ég fékk stuðning í náminu sem ég þurfti frá kennaranum. Hlutfall nemenda í Kvennaskólanum og á landinu í heild árið 2020:




Ég fékk tækifæri til að eiga í beinum samskiptum við kennara, t.d. í gegnum vefkennslukerfi, tölvupóst, síma, spjall. Hlutfall nemenda í Kvinnaskólanum og landinu í heild árið 2020:



Ég hef allt sem ég þarf á heimili mínu til að taka fullan þátt í náminu (t.d. tölvu við hæfi, skrifborð og næði). Hlutfall nemenda í Kvinnaskólanum og á landinu í heild árið 2020:



Ég fæ þann stuðning í náminu sem ég þarf frá foreldrum/forráðamönnum eða öðrum fjölskyldumeðlimum. Hlutfall nemenda í Kvinnaskólanum og á landinu í heild árið 2020:



## 2.4. Starfsmannakönnun

Ein af niðurstöðum ytra mats sem framkvæmt var á vorönn 2019 var að skólinn ætti að leggja fyrir starfsmannakönnun annað eða þriðja hvert ár sem væri hönnuð sérstaklega fyrir Kvennaskólann. Í könnuninni átti að spyrja alla starfsmenn um viðhorf sín til stefnu og starfshátta í skólanum. Í matsáætlun skólans var gert ráð fyrir að leggja slíka könnun fyrir á haustönn 2021 því ákveðið var að taka þátt í starfsánægjukönnun Sameykis, Stofnun ársins á vorönn 2021.

Síðustu ár þá hefur könnunin Stofnun ársins verið framkvæmd í upphafi árs og niðurstöður tilkynntar í febrúar/mars. Í ár var hins vegar ákveðið að breyta til og verður könnunin send út í september/október og niðurstöður væntanlega tilkynntar um eða upp úr áramótum. Því var ákveðið að búa til starfsmannakönnun á vorönn 2021 og leggja hana fyrir starfsmenn í lok skólaársins svo starfsmenn væru ekki að svara tveimur könnunum á sömu önn.

Könnunin var rafræn og send til starfsmanna í tölvupósti í maí 2021, 48 spurningar alls. Könnunin var einnig þýdd yfir á pólsku fyrir starfsmenn sem eru af pólskum uppruna. Í könnuninni var spurt um líðan, viðhorf til samstarfs, starfsanda, upplýsingastreymi, stjórnun skólans og þjónustu skrifstofu, mötuneytis og bókasafnsins. Í könnuninni voru bæði lokaðar og opnar spurningar. Alls svöruðu 49 starfsmenn könnuninni og er því svarhlutfallið 67%.

Hér má sjá spurningalistana:

[Starfsmannakönnun – vorönn 2021 \(íslenska\)](#)

[Starfsmannakönnun – vorönn 2021 \(pólska\)](#)

## Niðurstöður

### 1. „Upplýsingamiðlun til starfsfólks er í góðu lagi“

Mjög sammála	10
Frekar sammála	30
Frekar ósammála	8
Mjög ósammála	1
Veit ekki/á ekki við	0



81,6% mjög eða frekar sammála  
18,4% mjög eða frekar ósammála

### 2. „Í daglegum störfum fæ ég fullnægjandi upplýsingar til að sinna starfi mínu vel“

Mjög sammála	18
Frekar sammála	27
Frekar ósammála	2
Mjög ósammála	2
Veit ekki/á ekki við	0



91,8% mjög eða frekar sammála  
8,2% mjög eða frekar ósammála.

### 3. „Ég er spurð(ur) álits á ákvörðunum sem snerta starfssvið mitt“

Mjög sammála	15
Frekar sammála	25
Frekar ósammála	7
Mjög ósammála	0
Veit ekki/á ekki við	2



85,1% mjög eða frekar sammála  
14,9% frekar ósammála

4. „Mér finnst góður starfsandi vera ríkjandi á vinnustaðnum“

Mjög sammála	27
Frekar sammála	18
Frekar ósammála	1
Mjög ósammála	0
Veit ekki/á ekki við	3



97,8% mjög eða frekar sammála  
2,2 % frekar ósammála

5. „Mér finnst stjórnendur bera umhyggju fyrir heilsu og líðan starfsmanna“

[More Details](#)

Mjög sammála	26
Frekar sammála	19
Frekar ósammála	3
Mjög ósammála	0
Veit ekki/á ekki við	1



91,8% mjög eða frekar sammála (55,1% mjög sammála og 36,7% frekar sammála)  
2% frekar ósammála, 6,1% svöruðu veit ekki/á ekki við.

6. „Mér finnst núverandi vinnuaðstaða mín góð“

Mjög sammála	26
Frekar sammála	19
Frekar ósammála	3
Mjög ósammála	1
Veit ekki/á ekki við	0



91,8% mjög eða frekar sammála  
8,2% mjög eða frekar ósammála

7. „Þegar á heildina er litið er ég ánægð(ur) með stjórnun vinnustaðarins“

Alltaf	9
Mjög oft	34
Mjög sjaldan	2
Aldrei	0
Veit ekki	4



18,4% sögðu alltaf, 69,4% mjög oft, 4,1% mjög sjaldan og 8,2% svöruðu veit ekki.

8. „Þegar á heildina er litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“

Mjög sammála	33
Frekar sammála	16
Frekar ósammála	0
Mjög ósammála	0



100% voru mjög eða frekar sammála (67,3% mjög sammála og 32,7% frekar sammála).

9. „Ég fæ stuðning og hjálp með verkefni frá samstarfsfólki sem kennir sama fag og ég“

● Alltaf	22
● Mjög oft	14
● Sjaldan	3
● Mjög sjaldan	0
● Á ekki við	10



Af þeim sem þetta á við þá sögðu 92,3% alltaf eða mjög oft og 7,7% sjaldan.

10. „Mér finnst stjórnendur skólans koma fram við starfsmenn af réttlæti og jafnræði“


● Mjög sammála	25
● Frekar sammála	22
● Frekar ósammála	2
● Mjög ósammála	0



95,9% mjög eða frekar sammála  
4,1% frekar ósammála

11. „Ég get fengið persónulega aðstoð (t.d. vegna veikinda, líðan) frá aðilum innan skólans ef ég þarf á því að halda“

● Mjög sammála	16
● Frekar sammála	14
● Frekar ósammála	5
● Mjög ósammála	2
● Veit ekki/á ekki við	12



81,1% mjög eða frekar sammála  
18,9% mjög eða frekar ósammála

16. „Ég fæ hrós/viðurkenningu frá stjórnendum skólans þegar mér hefur tekist vel upp í starfi“

● Mjög sammála	13
● Frekar sammála	20
● Frekar ósammála	11
● Mjög ósammála	3
● Veit ekki/á ekki við	2



67,3% mjög eða frekar sammála  
28,6% mjög eða frekar ósammála  
4,1% veit ekki/á ekki við



25. „Ég er ánægð/ur með þjónustu á skrifstofu skólans“


Mjög sammála	20
Frekar sammála	20
Frekar ósammála	7
Mjög ósammála	0
Veit ekki/á ekki við	2



81,6% mjög eða frekar sammála  
14,3% frekar ósammála  
4,1% veit ekki/á ekki við

35. Hversu ánægð/ur – óánægð/ur ertu með mötuneyti starfsmanna?

mjög ánægð/ur	8
ánægð/ur	11
í meðallagi	17
óánægð/ur	5
mjög óánægð/ur	2
veit ekki/á ekki við	6



18,5% mjög ánægð 25,6% ánægð, 39,5% í meðallagi og 16,3% óánægð (43 tóku afstöðu).

36. „Hádegismaturinn frá mötuneytinu er fjölbreyttur“

Mjög sammála	5
Frekar sammála	12
Frekar ósammála	13
Mjög ósammála	9
Veit ekki/á ekki við	9



42,5% mjög eða frekar sammála, 55% mjög eða frekar ósammála (40 tóku afstöðu).

40. „Ég er ánægð/ur með þjónustu á bókasafni skólans“

Mjög sammála	11
Frekar sammála	13
Frekar ósammála	3
Mjög ósammála	1
Veit ekki/á ekki við	21



49% mjög eða frekar sammála, 8,2% mjög eða frekar ósammála, 42,9% svöruðu veit ekki/á ekki við.

### 3 Greining á niðurstöðum

#### 3.1 Styrkleikar

- Útskriftarhlutfall innritaðra nemenda er hátt og langflestir nemendur ljúka 200 eininga stúdentsprófi á 3 árum
- Raunmæting nemenda er góð og brotthvarf lítið
- Meirihluti nemenda telur vinnuálag miðað við einingafjölda hæfilegt
- Meirihluti nemenda telur kennarana sína jákvæða og hvetjandi í sinn garð
- Nemendum gekk almennt vel að aðlagast mismunandi kennslufyrirkomulagi á skólaárinu
- Þrátt fyrir óhefðbundið ár þá virtust nemendur upplifa sig hluta af tilteknum hóp og eiga góð samskipti við bekkjarfélaga sína
- Meirihluti nemenda er ánægður með skólann sinn
- Upplýsingastreymi til forráðamanna á þessu covid-skólaári gekk vel
- Þrátt fyrir óhefðbundið ár þá gekk móttaka nýnema vel
- Nemendum finnst kennslan fjölbreytt og upplifa að það séu gerðar kröfur til þeirra í náminu
- Starfsmenn eru almennt ánægðir með stjórnun skólans og vinnuaðstöðuna sína
- Á vinnustaðnum er starfsandinn góður

#### 3.2 Tækifæri til umbóta

- Halda áfram að þróa innra mat skólans, uppfæra matsáætlun og fá inn fulltrúa foreldra og nemenda
- Safna saman tölulegum upplýsingum um námsárangur nemenda og bera saman við fyrri ár til að greina betur áhrif faraldursins á námsgengi nemenda
- Fylgja eftir niðurstöðum úr starfsmannakönnun
- Leggja könnun fyrir útskrifaða nemendur til að kanna hvort nemendur okkar komi vel undirbúnir til framhaldsnáms

### 4 Markmið og úrbætur

#### 4.1 Eldri markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2020-2021

	<b>Markmið</b>	<b>Úrbætur</b>
<i>Innra mat/sjálfsmat</i>		Fá fulltrúa foreldra, nemenda og annarra starfsmanna inn í matshópinn. Þessi vinna er komin í gang en starf foreldraráðs lá að mestu leyti niðri á meðan á samkomutakmörkunum stóð. Á vorönn 2021 var ákveðið í samvinnu við stjórn nemendafélagsins (Keðjunnar) að svokallaður trúnaðarmaður nemenda sem kosinn er árlega fái það hlutverk að sitja í matsteymi skólans.
<i>Viðhorfs- og þjónustukannanir</i>		Forráðamenn nýnema svöruðu könnun á vorönn 2021. Vegna Covid- áhrifa á skólastarfið var ákveðið að leggja könnun fyrir alla nemendur skólans.
<i>Jafnlaunavottun</i>		Lokið. 22. desember 2020 fékk skólinn staðfestingu á jafnlaunavottun sem gildir til ársins 2023. Sjá <a href="#">vottorð</a> .
<i>Að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms</i>		Vinna í gangi. Heldur áfram á skólaárinu 2021-2022 og hefur matsteymið ákveðið að senda könnun til

	útskrifaðra nemenda (útskrifaðir vor 2017) á vorönn 2022.
<i>Auka samráð um þarfir í endurmenntun</i>	Vinna í gangi. Heldur áfram á skólaárinu 2021-2022. Spurt í starfsmannakönnun og augin aðkoma kennara að skipulagi húspinga.
<i>Vinna að endurbótum á húsbúnaði.</i>	Vinna í gangi. Búið að endurnýja húsbúnað í 6 kennslustofum.
<i>Vinna áfram að lagfæringum á loftgæðum og hljóðvist í samvinnu við ríkiseignir</i>	Ekki búið að finna lausn á slæmri hljóðvist en á skólaárinu var leitað tilboða í hljóðvistarplötur. Unnið í samvinnu við Ríkiseignir.
<i>Efla umsjónarkennarakerfið til að styrkja betur bekkjarandann</i>	Vegna aðstæðna á skólaárinu þá var lögð mikil áhersla á að umsjónarkennarar væru í reglulegu og góðu sambandi við sína bekki. Umsjónarkennarar í 1. bekk eru nú með aukatíma í stundatöflu til að sinna umsjón. Einnig er búið að safna saman á einn stað gögnum, leiðbeiningum og verkefnum (verkfærakista fyrir umsjónarkennara). Þessi vinna heldur áfram á skólaárinu 2021-2022 samhliða endurskoðun á stofnanasamningi skólans.
<i>Kennslu – og áfangamat</i>	Lokið. Nýtt kennslu- og áfangamat lagt fyrir í erlendum tungumálum, stærðfræði og hjá nýjum starfsmönnum í mars 2021.
<i>Heimasíða</i>	Heimasíðan uppfærð og yfirfarin reglulega. Á árinu var lögð áhersla á að uppfæra stefnur og áætlanir: <ul style="list-style-type: none"> <li>- <a href="#">Jafnréttisstefna</a></li> <li>- <a href="#">Jafnlaunstefna</a></li> <li>- <a href="#">Launastefna</a></li> <li>- <a href="#">Persónuverndarstefna</a></li> <li>- <a href="#">Samgöngustefna</a></li> <li>- <a href="#">Starfsmannastefna</a></li> <li>- <a href="#">Stefna skólans í forvörnum</a></li> <li>- <a href="#">Umhverfisstefna</a></li> <li>- <a href="#">Jafnréttisáætlun</a></li> <li>- <a href="#">Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku</a></li> <li>- <a href="#">Stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti og ofbeldi</a></li> <li>- <a href="#">Viðbrögð við ógnunum, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum o.fl.</a></li> <li>- <a href="#">Rýmingaráætlun</a></li> <li>- <a href="#">Upplýsingar, reglur og áætlanir á tímum Covid</a></li> </ul>
<i>Skólasálfræðingur</i>	Skipuleggja og auka samstarf skólasálfræðings og náms- og starfsráðgjafa. Lokið. Vikulegir fundir og teymið fundar 1x í mánuði með stjórnendum skólans.

## 4.2. Markmið og úrbætur sem stefnt skal að á skólaárinu 2021–2022

<b>Markmið</b>	<b>Úrbætur</b>
<i>Auka samráð við foreldra og virkja foreldra meira í skólastarfinu t.d. með fulltrúa í sjálfsmatshópnum</i>	Kynna starf matshópsins og forvarnarteymisins á aðalfundi foreldraráðs á haustönn 2021 og kjósa þar fulltrúa.
<i>Vinna að endurbótum á húsbúnaði í kennslustofum</i>	Vinna heldur áfram.
<i>Kanna viðhorf, gengi og afdrif nemenda eftir brautskráningu</i>	Sendu út könnun til útskrifaðra nemenda (útskrifaðir vorið 2017) á vorönn 2022.
<i>Auka lýðræði í skólastarfinu</i>	Leggja kannanir fyrir nemendur og starfsmenn. Setja upp skipulagða fundi með nemendum til að hlusta á raddir þeirra. Setja upp hugmyndabanka til að starfsmenn geti komið hugmyndum sínum áleiðis.
<i>Skólareglur</i>	Endurskoða skólareglur.
<i>Breyting á stundatöflu</i>	Breyta lengd kennslustunda til að stytta skóladaginn. Skóladagurinn byrjar seinna. Tilraunaverkefni skólaárið 2021-2022. Kanna áhrif breytinganna á svefn nemenda.
<i>Matsáætlun</i>	Uppfæra matsáætlun skólans og ljúka við verkefni síðasta skólaárs sem ekki var hægt ljúka og/eða fylgja eftir vegna covid.
<i>Samráð um þarfir í endurmenntun</i>	Skipuleggja fræðsludagskrá fyrir starfsmenn á haust- og vorönn og leggja fyrir þátttakendur matsblað. Skipuleggja erlend samstarfsverkefni til næstu 5 ára.
<i>Starfsmenn af erlendum uppruna</i>	Þýða handbók starfsmanna á pólsku.
<i>Samgöngustefna, samgöngustyrkur</i>	Endurskoða samgöngustefnu skólans
<i>Bókasafnið</i>	Vinna að endurskipulagningu á starfsemi bókasafnsins.

Reykjavík, 18. október 2021

Björk Þorgeirsdóttir, verkefnastjóri sjálfsmats

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari